

**Gerrit Schuil** er fæddur í Vlaardingen í Hollandi. Hann hóf nám í píanóleik fimm ára gamall og vakti brátt athygli fyrir óvenjulegar tónlistargáfur. Níu ára að aldri bar hann sigur úr bítum í samkeppni nær 200 ungra tónlistarmanna í Hollandi og tveimur árum síðar kom hann í fyrsta sinn opinberlega fram í hollenska ríkisútvarpinu. Hann hóf nám við Tónlistarháskólann í Rotterdam árið 1968 hjá Lilly van Spengen og þreytti ári síðar frumraun sína sem einleikari með Fíl-harmóníuhljómsveitinni í Rotterdam.

Að loknu háskólanámi bauðst honum tveggja ára styrkur hollenska ríkisins til framhaldsnáms erlendis, fyrst í London undir leiðsögn þeirra John Lill og Gerald Moore, og síðan í París hjá Vlado Perlemuter. Gerrit Schuil hefur haldið tónleika í flestum löndum Evrópu og í Bandaríkjunum og komið fram á alþjóðlegum tónlistarhátíðum. Árið 1978 varð langþráður draumur að veruleika þegar hann hóf nám í hljómsveitarstjórn á alþjóðlegu námskeiði á vegum hollenska ríkisútvarpsins, en þar var hann einn af átta úr hópi 150 umsækjenda sem var boðið að stunda nám hjá hinum heimsfræga rússneska hljómsveitarstjóra Kirill Kondrashin. Eftir þau kynni hlotnaðist honum sá heiður að verða eini nemandi Kondrashin síðustu æviár meistarans. Árið 1979 réðst Gerrit Schuil til Sinfóníuhljómsveitar hollenska ríkisútvarpsins sem á þeim árum var jafnframt aðalhljómsveit hollensku ríkisóperunnar og þar starfaði hann sem stjórnandi um árabil. Einnig hefur hann stjórnað fjölmörgum hljómsveitum í Evrópu og Bandaríkjunum, bæði í óperuhúsi og tónleikasal.

Eftir sitt fyrsta tónleikaferðalag um Ísland haustið 1992 varð Gerrit Schuil fyrir svo sterkum áhrifum af landinu að hann ákvað að setjast þar að og er nú búsettur í Reykjavík.

# Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ingveldur Ýr Jónsdóttir  
mezzósópran

Gerrit Schuil  
píanóleikari

**Ingveldur Ýr Jónsdóttir** mezzosópran stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík og framhaldsnám við Tónlistarskóla Vínarborgar og Manhattan School of Music í New York. Kennarar hennar voru Guðmunda Elíasdóttir, Svanhvít Egilsdóttir og Cynthia Hoffmann. Einnig sótti hún námskeið hjá m.a. Charles Spencer, Martin Katz og Phyllis Curtin.

Ingveldur Ýr hefur sungið á fjöldamörgum tónleikum bæði hérlendis sem erlendis, þar á meðal í Íslensku Óperunni, Borgarleikhúsinu, Gerðarsafni, Gerðubergi, Sigurjónssafni, Fella og Hólakirkju, Iðnó og Kaffileikhúsinu. Hún hefur sungið á upptökum fyrir íslenska, austurríska og franska sjónvarpið og tekið upp sönglög fyrir RÚV. Síðastliðin ár hefur Ingveldur verið starfandi við Óperuna í Lyon í Frakklandi og sungið þar ýmis hlutverk til dæmis Dorabellu í *Così fan tutte*, Orlovsky í *Leðurblökunni*, C moll Messu Mozarts, Carmen og eins manns óperuna Miss Donnithorne's Maggott eftir Peter Maxwell Davies. Við Bastilluóperuna söng Ingveldur Nornina í *Hans og Grétu*. Á íslensku óperusviði eru helstu hlutverk hennar Olga í *Évgení Onegin*, Valþrúður og Fljóthildur í *Niflungahringnum* og *Preziosilla* í „Á valdi örlaganna“, auk ýmissa hlutverka í *Ródeménía Palmata* eftir Hjálmar H. Ragnarsson.

Síðastliðið sumar var Ingveldi boðið að vera gestur á Tónlistarhátíðinni í Tanglewood í Bandaríkjunum. Þar söng hún á ljóðatónleikum og nútímatónlistarhátíð, auk þess sem hún söng hlutverk Mrs. Sedley í *Peter Grimes* eftir Britten með hljóm sveitarstjóranum Seiji Ozawa.

Ingveldur Ýr starfar nú lausráðin og fór fyrr í vetur í söngferð um Ástralíu. Fleiri slíkar ferðir eru fyrirhugaðar um Norðurlönd og Bandaríkin. Einnig mun Ingveldur syngja eitt af aðalhlutverkum í frumflutningi óperunnar *The Cenci* eftir englendinginn Havergal Brian í London næsta vetur og syngja inn á geisladisk í því tilefni.

## *Efnisskrá*

„Antikariur“ Giovanni Paisiello (1740 - 1816)	Nel cor piú non mi sento
Giovanni Battista Pergolesi (1710 - 1736)	Se tu m'ami
Benedetto Marcello (1686 - 1739)	Quella fiamma che m'accende
Claude Debussy (1862 - 1918)	Fetes Galantes I En sourdine Fantochez Clair de Lune
Richard Strauss (1864 - 1949)	Nacht Du meines Herzens Krönelein Allerseelen
Georges Gershwin (1898 - 1937)	Someone to watch over me I got rhythm The man I love
Sigfús Halldórsson (1920 - 1996)	Vegir liggja til allra átta <i>(Ljóð: Indriði G. Þorsteinsson)</i>
	Við Vatnsmýrina <i>(Ljóð: Tómas Guðmundsson)</i>
	Tondeleyó <i>(Ljóð: Tómas Guðmundsson)</i>